

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Gulapíng 25. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda – Þing fyrir lóðina nr. 25 við Gulapíng. Í breytingunni felst að byggingarreitur vinnustofu á suðausturhluta lóðarinnar verður felldur niður. Bílskúr á norðvesturhluta lóðarinnar verður þess í stað nýttur sem vinnustofa og í staðinn fyrir opið bílskýli verður byggður 53 m<sup>2</sup> bílskúr sambyggður íbúðarhúsinu; byggingarreitur fyrir nýjan bílskúr stækkar til suðausturs. Hámark byggingarmagns eykst úr 250 m<sup>2</sup> í 270 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,14 í 0,15.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Kópavogsbraut 75. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. júní 2023 breytingu á deiliskipulaginu Kópavogsbrautar 59-83 og Þinghólsbrautar 22-46 fyrir lóðina nr. 75 við Kópavogsbraut. Í breytingunni felst að tvennum svölum á þriðju hæð hússins verður lokað að hluta til, með kaldri svalalokun. Byggingarmagn er 699,4 m<sup>2</sup>, verður 768,4 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall er 0,7 en verður 0,78.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Vatnsendi – Milli vatns og vegar. Kríunes. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 25. apríl 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi – Milli vatns og vegar, fyrir lóðina Kríunes. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri viðbyggingu hótelsins á neðri hæð hússins, á suðurhluta lóðar. Að auki er gert ráð fyrir breytingum á innra fyrirkomulagi hússins. Við breytinguna eykst fermetrafjöldi á lóð úr 2.875 m<sup>2</sup> í 3.370 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall eftir breytingu verður um 0,22.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 19. júlí 2023.*

**Smári Smáráson** aðstoðarskipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023